

Föstudagur 8. september

DV



SJÓNVARPIÐ

- 17.50 **Gosi** (Pinocchio) Teiknimyndaflokkur um ævintýri Gosa. Þýðandi Jóhanna Þránsdóttir. Leikraddir Örn Arnason.
- 18.25 **Antilöpan snýr aftur** (Return of the Antelope) Nýr flokkur – fyrsti þáttur. Breskur myndaflokkur fyrir börn og unglinga um tvö börn og vini þeirra, hina smávöxnu putalinga. Þýðandi Sigurgeir Steingrímsson.
- 18.50 **Táknmálstréttir**
- 18.55 **Austurbæingar**. (Eastenders) Breskur framhaldsmyndaflokkur. Þýðandi Kristmann Eirsson.
- 19.20 **Benny Hill**. Breskur gamanmyndaflokkur. Þýðandi Stefán Jökullsson.
- 20.00 **Fréttir og veður**
- 20.30 **Betri framtíð**. Söfnunarsjónvarp Sjálfbjargar. Skemmtidagskrá í sjónvarpsal í tilefni landsfönguunar á vegum Sjálfbjargar. Meðal þeirra sem koma fram eru Stuðmenn, Sigrún Hjálmtýsdóttir, Ríó Trío og Spaugstofu- spæfuglarnir. Stjórn upptöku Kristín Björg Þorsteinsdóttir.
- 21.30 **Peter Strohm** (Peter Strohm) Nýr þýskur sakamálmundaflokkur með Klaus Löwitsch í hlutverki hins harðstöðna lögreglumanns Peter Strohm. Þýðandi Jóhanna Þránsdóttir.
- 23.00 **Kamelíufrúin** (Camille) Ný bresk sjónvarpsmynd byggð á hinni sigildu sögu eftir Alexandre Dumas. Ung kona verður ástfangin af manni af göðum ættum. Föður hans líkar ekki ráðahagurinn og tekur til sinnar ráða, án þess að vita að konan er farsjúk. Aðalhlutverk Greta Scacchi, Colin Firth, John Gielgud, Denholm Elliott og Ben Kingsley. Þýðandi Óskar Ingimarsson.
- 00.30 **Útvarpsfréttir í dagskrárlök**



- 16.45 **Santa Barbara**
- 17.30 **Bleiku náttótin**. She'll be Wearing Pink Pyjamas. Vináttu tekst með átta konum þar sem þær eru allar á námskeiði í fjallgöngu. Lokaaefingin reynist algjör þolraun. Aðalhlutverk: Julie Walters og Anthony Higgins.
- 19.00 **Myndrokk**.
- 19.19 **19.19**.
- 20.00 **Kalli kanína**. Kalli kanína á á hættu að verða borðaður en kemst undan hvað eftir annað.
- 20.10 **Ljáu mér eyra** . . . Glöðvolgar fréttir út tónlistarheiminum. Nýustu kvikmyndirnar kynntar og viðtöl. Umsjón Pia Hansson.
- 20.40 **Geimálfurinn Alf**. Þá er loðna hrekkjusið komið aftur eftir sumarfrí og alltaf jafnóðrettranlegt. Mannasiðirnir eru kannski ekki til eftirlýtni en þetta stóra hjarta hans gerir hann ómótstæðilegan.
- 21.10 **Strokubörn**. Runners. Hjól ellefu ára gamallar stúlku finnst yfirgefð úti á götu. Þrátt fyrir mikla leit finnst stúlkan hvergi. Enginn virðist hafa séð til ferða hennar. Foreldrar hennar eru niðurbrottnir og eftir mikla baráttu við sjálfa sig ákveður móðir hennar að sætta sig við að dóttir þeirra sé látin. En faðir stúlkunnar sættir sig engan veginn við dularfullt hvarf dóttur sinnar. Aðalhlutverk: James Fox, Kate Hardie, Jane Asher og Eileen O'Brien. Bönnuð börnum.
- 22.55 **Alfred Hitchcock**. Bandarískir sakamálaþættir sem gerðir eru í anda þessa meistara hrollvekjunnar.
- 23.25 **Eddie Murphy sjálfur**. Eddie Murphy Raw. Áður en Eddie Murphy hóf að leika í kvikmyndum var hann þekktur sem skemmtikraftur á sviði. Í þessum þætti fáum við að fylgjast með kappanum við þessa fyrri iðju sína á skemmtun í New York. Aðalhlutverk Eddie Murphy. Stranglea bönnuð börnum.
- 1.00 **Attica-fangelsið**. Attica. Í Attica-fangelsinu í New York var hundruðum harðsviðraðra glæpamanna tröðað í stórt bú og þeir meðhöndlaðir eins og skepnur. Þegar kröftum þeirra um úrbætur var ekki sinnt gerðu þeir einhverja þá blóðugustu uppreisn sem sögur fara af. Aðalhlutverk: Charles Durning, George Grizzard, Anthony Zerbe og Morgan Freeman. Stranglea bönnuð börnum.
- 2.40 **Dagskrárlök**.



Rás 1
FM
92.4/93.5

- 6.45 **Veðurfreginir**. Bæn, séra Arnfríður Guðmundsdóttir flytur.

- 7.00 **Fréttir**.
- 7.03 **Í morgunsárið**. með Ingvaldi Ólafsdóttur. Fréttayfirlit kl. 7.30 og 8.30, fréttir kl. 8.00 og veðurfreginir kl. 8.15. Fréttir á ensku að loknu fréttayfirliti kl. 7.30. Lesið úr forustugreinum dagblaðanna að loknu fréttayfirliti kl. 8.30.
- 9.00 **Fréttir**.
- 9.03 **Litli barnatíminn**: Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (9.) (Einnig útvarpað um kvöldið kl. 20.00.)
- 9.20 **Morgunleikfimi**. með Halldóru Björnsdóttur.
- 9.30 **Landpósturinn** – Frá Austurlandi. Umsjón: Haraldur Bjarnason.
- 10.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 10.10 **Veðurfreginir**.
- 10.30 **Aldarbragar**. Umsjón: Helga Guðrún Jónasdóttir. Lesari: Ólafur Haraldsson. (Einnig útvarpað kl. 21.00 næsta mánudag.)
- 11.00 **Fréttir**.
- 11.03 **Samhljómur**. Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Einnig útvarpað að loknum fréttum á miðnætti.)
- 12.00 **Fréttayfirlit**. Tilkynningar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar, Tónlist.
- 13.05 **Í dagsins önn**. Umsjón: Anna M. Sigurðardóttir.
- 13.35 **Miðdegissagan**: Ein á ferð og með öðrum eftir Mörthu Gellhorn. Anna María Þórisdóttir þýddi. Sigrún Björnsdóttir les (13.)
- 14.00 **Fréttir**. Tilkynningar.
- 14.05 **Ljúfingslög**. Svanhildur Jakobsdóttir kynnir. (Einnig útvarpað að aðaranótt miðvikudags að loknum fréttum kl. 2.00.)
- 15.00 **Fréttir**.
- 15.03 **Hvert stefnir íslenska velferðaríkið?** Annar þáttur af fimm um lífskjör á Íslandi. Umsjón: Einar Kristjánsson. (Endurtekinn frá miðvikudagskvöldi.)
- 16.00 **Fréttir**.
- 16.03 **Dagbókin**. Dagskrá.
- 16.15 **Veðurfreginir**.
- 16.20 **Barnaútvarpið** – Létt grín og gaman á föstudegi. Umsjón: Sigurlaug Jónasdóttir.
- 17.00 **Fréttir**.
- 17.03 **Tónlist á síðdeg** – Grieg og Schubert.
- 18.00 **Fréttir**.
- 18.03 **Að utan**. Fréttabáttur um erlend málefni. (Einnig útvarpað að loknum fréttum kl. 22.07.)
- 18.10 **Á vettvangi**. Umsjón: Páll Heiðar Jónsson og Bjarni Sigtryggsson. (Einnig útvarpað í næsturvarpi að aðaranótt mánudags kl. 4.40.) Tónlist. Tilkynningar.
- 18.45 **Veðurfreginir**. Tilkynningar.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.30 **Tilkynningar**.
- 19.32 **Kviksjá**. Umsjón: Ragnheiður Gyða Jónsdóttir og Þorgeir Ólafsson.
- 20.00 **Litli barnatíminn**: Júlíus Blom veit sínu viti eftir Bo Carpelan. Gunnar Stefánsson les þýðingu sína (9.) (Endurtekinn frá morgni.)
- 20.15 **Lúðrabýtur**. Skarphéðinn Einarsson kynnir lúðrasveitarónlist.
- 21.00 **Sumarvaka**. a. Melgrasskúfurinn harði. Stefán Júlíusson flytur seinni hluta frásöguþáttar um Gunnlaug Kristmundsson sandgræðslustjóra. b. Laxárdalur og fleiri lög sem kórar í Dalasýslu syngja. c. Chicagoför. Jón Þ. Þór les ferðabátt eftir Matthias Jochumsson. d. Einar Markan syngur lög eftir Sigvalda Kaldalóns. Umsjón: Gunnar Stefánsson.
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.07 **Að utan**. Fréttabáttur um erlend málefni. (Endurtekinn frá sama degi.)
- 22.15 **Veðurfreginir**. Orð kvöldsins. Dagskrá morgundagsins.
- 22.30 **Danslög**.
- 23.00 **Kvöldskuggar**. Þáttur í umsjá Jónasars Jónassonar. Gestur hans að þessu sinni er Hulda Jensdóttir, forstöðukona Fæðingardeildar Reykjavíkur.
- 24.00 **Fréttir**.
- 00.10 **Samhljómur**. Umsjón: Anna Ingólfssdóttir. (Endurtekinn frá morgni.)
- 01.00 **Veðurfreginir**.
- 01.10 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**.



- 7.03 **Morgunútvarpið**: Vaknið til lífsins! Leifur Hauksson og Jón Ársæll Þórðarson hefja daginn með hlustendum. Fréttir kl. 8.00, veðurfreginir kl. 8.15 og leiðarar dagblaðanna kl. 8.30.
- 9.03 **Morgunsyrpa**. Eftir til dagskrár til styrktar Landssambandi fatlaðra í tilefni af þrjátíu ára afmæli Sjálfbjargar. Meðal þeirra sem koma fram eru hljómsveitirnar Síðan skein sól, Júpiter, Langi Seli og skuggarnir, Centaur og Bubbi Mortens. Spaugstofan lætur frá sér heyrta af og til allan daginn. Óskar Páll Sveinsson. Neytendahorn kl. 10.05. Afmæliskefndur kl. 10.30. Parfæling með Jóhönnu Harðardóttur kl. 11.03. Gluggað í heimsblöðin kl. 11.55.

- 12.00 **Fréttayfirlit**. Auglýsingar.
- 12.20 **Hádegisfréttir**.
- 12.45 **Umhverfis landið**. með Margréti Blöndal.
- 14.05 **Milli mála**. Magnús Einarsson á útklíkk og leikur nýju lögin.
- 16.03 **Dagskrá**. Dægurmálaútvarp. Stefán Jón Hafstein, Sigurður Þór Salvarsson, Lisa Pálsdóttir og Sigurður G. Tómasson. – Kaffispjall og innlit upp úr kl. 16.00. – Arthúr Björgvin Bollason talar frá Bæjaralandi. – Stórmál dagsins á sjötta tímanum.
- 18.03 **Þjóðarsálin**, þjóðfundur í beinni útsendingu, sími 91-38 500.
- 19.00 **Kvöldfréttir**.
- 19.32 **Afram Island**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 20.30 **Í fjösinu**. Bandarískir sveitasöngvar.
- 21.30 **Kvöldtónar**.
- 22.07 **Sibyllan**. Sjóðheitt dúndurpopp beint í græjurnar. (Endurtekinn frá laugardegi.)
- 00.10 **Snúningur**. Áslaug Dóra Eyjólfssdóttir ber kveður milli hlustenda og leikur óskalog.
- 02.00 **Næturútvarp á báðum rásum til morguns**. Fréttir kl. 7.00, 7.30, 8.00, 8.30, 9.00, 10.00, 11.00, 12.00, 12.20, 14.00, 15.00, 16.00, 17.00, 18.00, 19.00, 22.00 og 24.00.

- NÆTURÚTVARP**
- 02.00 **Fréttir**.
- 02.05 **Rökk og nýbylgja**. Skúli Helgason kynnir. (Endurtekinn frá mánudagskvöldi.)
- 03.00 **Næturrokk**. Fréttir kl. 4.00.
- 04.30 **Veðurfreginir**.
- 04.35 **Næturnótur**.
- 05.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 05.01 **Afram Island**. Dægurlög með íslenskum flytjendum.
- 06.00 **Fréttir af veðri og flugsamgöngum**.
- 06.01 **A frivaktinni**. Þóra Marteinsdóttir kynnir óskalog sjómanna. (Endurtekinn þáttur frá mánudegi á rás 1.)
- 07.00 **Morgunpopp**. Svæðisútvarp Norðurlands kl. 8.10-8.30 og 18.03-19.00. Svæðisútvarp Austurlands kl. 18.03-19.00



- 7.00 **Páll Þorsteinsson**. Stírnar þurkaðar úr augnum og gluggað í landsmálaþlöðin og gömlu slagarnir spilaðir.
- 10.00 **Valdis Gunnarsdóttir**. Lætur daginn líða fljótt með göðri tónlist, það er nú einu sinni föstudagur í dag.
- 14.00 **Bjarni Ólafur Guðmundsson**. Tónlist, afmæliskefndir og óskalog í massavís.
- 17.00 **– Reykjavík síðdegis**. Einn vinsælasti útvarpsþátturinn í dag því hér fá hlustendur að tjá sig. Síminn er 61-11-11.
- 19.00 **Halþór Freyr Sigmundsson**. Kominn í dansdressed og hitar upp fyrir kvöldið.
- 20.00 **Íslenski listinn**. Stjórnandi, Pétur Steinn Guðmundsson.
- 22.00 **Haraldur Gíslason**. Óskadraumur ungu stúlkunnar í ár er kominn á vaktina. Óskalog og kveður í síma 61-11-11.
- 3.00 **Næturvakt Bylgjunnar**.
- Fréttir á Bylgjunni kl. 8, 9, 10, 11, 12, 13, 14, 15, 16, 17 og 18.



- 7.00 **Þorgeir Ástvaldsson**. Fjallað er um menn og málefni liðandi stundar, bæði í alvarlegum jafnt sem gamansömum dúr. Fréttir kl. 8 og 10 og Stjórnuskot kl. 9.
- 9.00 **Gunnlaugur Helgason** syngjandi skemmtilegur á morgnana. Getraunir, hádegisverðarþotturinn alltaf á sinum stað og auðvitað er fylgst með Bibbu í heimsreisunni. Alltaf á vakt, fréttir kl. 12 og 14. Stjórnuskot kl. 11 og 13.
- 14.00 **Margrét Hrafnisdóttir**. Allir að komast í helgarstuð og tónlistin valin í samræmi við það. Stjórnusköldið á sinum stað. Eftir sex-fréttir geta hlustendur tjáð sig um hvað sem er í 30 sekúndur. Síminn er sem fyrr 681900. Fréttir á slaginu 16 og 18. Stjórnuskot kl. 15 og 17.
- 19.00 **Snorri Sturluson**. Errekkibboslega dýrt ónei, það kostar ekkert að hlusta á Snorra sem er kominn í stuð.
- 22.00 **Haraldur Gíslason**. Það er ekkert sem stöðvar Halla þegar hann er kominn á stað, óskalog og kveður í 611111.
- 3.00 **Næturvakt Stjórnnunnar**.



- 16.00 **Kvennó**.
- 18.00 **MH**.
- 20.00 **FG**.
- 22.00 **MR**.
- 24.00 **Næturvakt í umsjón Kvennó**. Óskalog & kveður, sími 680288.
- 4.00 **Dagskrárlök**.



- 7.00 **Hörður Arnarson**.
- 9.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 11.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 13.00 **Hörður Arnarson**.
- 15.00 **Sigurður Gröndal og Richard Scobie**.
- 17.00 **Steingrímur Ólafsson**.
- 19.00 **Anna Þoráks**.
- 22.00 **Þorsteinn Högni Gunnarsson**.
- 1.00 **Sigurður Ragnarsson**.
- 3.00 **Nökkvi Svavarsson**.
- 9.00 **Rótartónar**.
- 14.00 **Tvö til fimm** með Friðrik K. Jónssyni.
- 17.00 **Geðsveiflan**. Tónlistarþáttur í umsjá Alfreðs J. Alfreðssonar.
- 19.00 **Rauur** Reynis Smára.
- 20.00 **FES**. Unglingabáttur í umsjá Björns Inga Hrafnssonar og Þóris Jónssonar.
- 21.00 **Gott bit**. Tónlistarþáttur með Kidda kaninu og Atóm-Geira.
- 23.30 **Rótardraugar**. Lesnar draugasögur fyrir háttinn.
- 24.00 **Næturvakt**.



- 4.30 **Viðskiptaþáttur**.
- 5.00 **The DJ Kat Show**. Barnaefni.
- 7.30 **The Panel Pot Pourri**. Skemmti- og leikþáttur.
- 9.00 **The Sullivans**. Framhaldsþáttur.
- 9.30 **Sky by Day**. Fréttabáttur.
- 10.30 **A Problem Shared**. Fræðsluþáttur.
- 11.00 **Another World**. Framhaldsflokkur.
- 11.55 **General Hospital**.
- 12.50 **As the Worlds Turns**. Sæpuóp- era.
- 13.45 **Loving**.
- 14.15 **Young Doctors**. Framhaldsþáttur.
- 15.00 **Poppþáttur**.
- 16.00 **Sky Star Search**. Hæfileika- keppni.
- 17.00 **The New Price is Right**. Getraunaleikur.
- 17.30 **Sale of the Century**. Getrauna- leikur.
- 18.00 **Black Sheep Squadron**. Spennuflokkur.
- 19.00 **Riptide**. Spennumyndaflokkur.
- 21.00 **Fjölbragðaglima (Wrestling)**.
- 22.00 **Fréttir**.
- 22.30 **The Deadly Earnes Horror Show**. Hyrllingsmynd.
- 24.00 **Poppþáttur**.



- 13.00 **Baby Take a Bow**.
- 14.25 **Cat City**.
- 16.00 **Patton: Lust For Glory**.
- 19.00 **Promised Land**.
- 21.00 **Hamburger Hill**.
- 22.50 **Fear City**.
- 00.30 **The Hitchhiker**.
- 01.00 **The Omega Man**.
- 03.00 **Summer Lovers**.



- 9.00 **Blak**. Evrópukeppni kvenna í Hamborg.
- 10.00 **Motor Mobil Sport News**. Fréttatengdur þáttur um kappakstur.
- 10.30 **Surfer Magazine**. Þáttur um brimbrettaþrótt.
- 11.00 **Indy Car World Series**. Kappakstur í Bandaríkjunum.
- 12.00 **Polo**. Heimsmeistarakeppni sem fram fór í Berlin.
- 14.00 **Ástralski íótboltinn**.
- 16.00 **Hafnarbolti**. Frá Bandaríkjunum.
- 17.00 **Frjálsar íþróttir**. Stórmót í Barcelona.
- 20.00 **Golf**. Opna evrópska mótið á Tadworth.
- 22.00 **Rugby**. Frá Ástralíu.



- 13.30 **Off the Wall**. Poppþáttur.
- 14.30 **On the Air**. Skemmtiþáttur.
- 16.30 **The Global Chart Show**. Tónlistarþáttur.
- 17.30 **The Lloyd Bridges Show**.
- 18.00 **Ferðabáttur**.
- 18.25 **Hollywood Insider**.
- 18.50 **Transmission**.
- 19.50 **Fréttir og veður**.
- 20.00 **Poppþáttur**.
- 21.00 **Tónleikar**.
- 22.00 **Fréttir, veður og popptónlist**.



Eddie Murphy er einn á sviðinu í níutíu mínútur.

Stöð 2 kl. 23.25:

Eddie Murphy sjálfur

Eddie Murphy er sjálfsgagt einhver allra vinsælasti kvikmyndaleikarinn í dag. Murphy, sem á ábyggilega hann hefur leikið í, hafa nær undantekningarlaust fengið metaðsókn. Áður en Eddie Murphy varð þekktur kvikmyndaleikari var hann einn af fastaleikurum í sjónvarpsþáttunum Saturday Night Live sem eru mjög vinsælir vestan hafs. Meðfram því kom hann fram einn á hinum ýmsu skemmtistöðum.

Raw er að visu tekinn upp

-HK

Sjónvarp kl. 23.00:


Kamelíufrúin

Eitt þekktasta hlutverk hinnar dáu leikkonu fyrri ára, Greta Garbo, var hlutverk hinnar þjáðu Marguerite Gautier sem er betur þekkt undir nafninu Kamelíufrúin og er einhver þekktasta sögupersóna Alexandre Dumas. Með miklum tilfinningaleik fékk hún áhorfendur til að úthella tárur yfir sýningu myndarinnar.

Það hlaut að koma að því að Camille yrði endurgerð og það voru Bretar sem gerðu þá sjónvarpskvikmynd sem kemur fyrir augu

áhorfenda í sjónvarpinu í kvöld. Svo skemmtilega vill til að aðalleikkona í þetta skiptið heitir einnig Greta að fornafrí. Hún er aftur á móti ekki sænsk heldur bresk-ítölsk og heitir að eftirnafni Scacchi og hefur hún getið sér gott orð í kvikmyndum á undanföllum árum. Af öðrum leikurum nú má nefna Ben Kingsley er leikur Duval. Þessi sjónvarpsmynd þýkir ágæt afþreying þótt kvikmynda- handbókin telji að Greta Garbo sé enn sú eina sanna Kamelíufrú.

-HK



Klaus Löwitsch leikur einkalögreglumanninn Peter Strohm í samnefndum framhaldsmyndaflokkum.

Sjónvarp kl. 21.30:

Peter Strohm

Nýr þýskur sakamálmundaflokkur hefur göngu sína í Sjónvarpinu í kvöld. Nefnist hann Peter Strohm og er það nafn aðalpersónunnar sem er einkaleynilögregla.

Fyrsti þátturinn, sem er í kvöld, er lengri en hinir eða níutíu mínútur og nefnist Dauðið vinar. Strohm, sem í byrjun þáttarinnar er lögregluþingur, vinnur að erfðu máli, skipulagðri glæpastarfsemi sem er orðin yfirgripsmikil. Allir þeir sem hann sendir út af örkinni undir fölsku yfirsíni eru myrtir. Strohm grunar því

að innan lögreglunnar sé svikari.

Þegar svo vinur hann og félagi Lauer er skotinn til bana ákveður hann sjálfur að fara að rannsaka málið en rekur sig hvað eftir annað á vegg. Hann ákveður því að segja sig úr lögreglunni og halda rannsókninni áfram sem einstaklingur.

Aðalhlutverkið Peter Strohm leikur einhver þekktasti leikari Þjóðverja í dag, Klaus Löwitsch. Hann lék á sínum tíma í myndum undir stjórn Rainers Wern-er Fassbinder.

-HK